



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDUIRTREGI

Fundargerð

**1385. auka fundur sveitarstjórnar Strandabyggðar haldinn í Hnyðju,
Þriðjudaginn 16. desember 2025, kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Þorgeir Pálsson, Júlíana Ágústsdóttir, Marta Sigvaldadóttir, Matthías Sævar Lýðsson, Hlíf Hrólfsdóttir og Heiðrún Harðardóttir.

Fundargerð ritaði: Heiðrún Harðardóttir, verkefnastjóri.

Oddviti bauð alla velkomna á aukafund sveitarstjórnar Strandabyggðar nr. 1385.

Spurt var um athugasemdir við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Gjaldskrá Sorphirðu og sorpeyðingu 2026 - 2511014

Gjaldskrá Sorphirðu og sorpeyðingu 2026 lögð fram.

Sveitarstjórn gerir eftirtaldar breytingar á gjaldskránni:

2. gr

Línu 5 - Breyting: grenndarstöðvar breytist í grenndarstöðva.

3. gr

2. mgr. 1 lína. Breyting: 'Lífúrgangi verður safnað í fötur vikulega' breytist í 'Lífúrgangi verður safnað í fötur og safnað vikulega í þéttbýli'.

2. mgr. 3 lína. Taka út: 'Heimili sem eru sjálf með moltuvél eða aðra moltugerð greiða ekki fyrir lífúrgang. Tilkynna þarf til skrifstofu Strandabyggðar ef um slíkt er að ræða.'

4. mgr. 3. lína. Breyting: 'Auka hirðing vegna óviðunandi flokkunar eða frágangs skv. skráningu þjónustuaðila eru kr. 15.000' breytist í 'Auka hirðing skv. skráningu þjónustuaðila er 15.000 kr auk akstursgjalds í dreifbýli skv. gjaldskrá þjónustuaðila.'

6. mgr. 1 lína. Breyting: 'Hægt er að sækja um niðurfellingu á gjaldi vegna lífúrgangs á skrifstofu Strandabyggðar ef moltuvél er á heimilinu' breytist í 'Hægt er að sækja um niðurfellingu á gjaldi vegna lífúrgangs á skrifstofu Strandabyggðar ef notast er við aðrar viðurkenndar leiðir til förgunar lífúrgangs.'

4. gr

Liður a - Leiðrétting: 'Móttökustöð' breytist í 'Móttökustöðin'

Liður b - Breyting: 'Heimilt er að leggja gjöld á þá aðila sem uppvísir verða að því að fleyggja

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDUITREGI

sorpi og úrgangi á víðavangi fyrir útlögðum kostnaði af hreinsun' breytist í 'Óheimilt er að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi og er sveitarfélaginu heimilt að beita viðeigandi viðurlögum'.

6. gr.

1. mgr. Lína 1 - Leiðrétting: 'dýraleifar' breytist í 'dýraleifa'

1. mgr. Lína 1 - Leiðrétting: 'búrekstur' breytist í 'dýrahald'

1. mgr. Lína 1 - Breyting: 'Fjöldi gripa er miðaður við búskýrslur' breytist í 'Gjaldstofn er reiknaður út frá bústofnsskýrslum Matvælastofnunar'.

Liður a - Breyting: 'Nautgripir 1.389 kr./grip' breytist í 'Nautgripir 1.400 kr/grip'

Liður b - Breyting: 'Sauðfé 167 kr./grip' breytist í 'Sauðfé 170 kr/grip'

Liður c - Breyting: 'Hross 256 kr./grip' breytist í 'Hross 300 kr/grip'

2. mgr. lína 1 - Fjarlægja: 'og umsókn vegna afsláttar þurfa að berast fyrir 15. september'.

2. mgr. lína 2 - Breyting: 'sótt' breytist í 'sóttar'

2. mgr. lína 3 - Breyting: 'en bændur geta óskað eftir að dýraleifar séu sótt utan þess tíma.

Beiðnir skulu berast til þjónustuaðila sem er Sorpsamlag Strandasýslu' breytist í 'Bændur tilkynna um dýraleifar til Sorpsamlags Strandasýslu sem heldur utan um skráningu og sækir á auglýstum dögum'.

7. gr

1. mgr. lína 1 - Leiðrétting: 'Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn

Strandabyggðar 9. desember 2025' breytist í 'Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 16. desember 2025'.

2. mgr. lína 1 - Leiðrétting: 'Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2026' breytist í 'Gjaldskráin öðlast þegar gildi'

Oddviti gefur orðið laust.

Matthías Sævar Lýðsson tekur til máls. Matthías bendir á að gjaldskráin taki gildi þegar gjaldskráin hefur verið birt í b-deild Stjórnartíðinda. Matthías leggur til að Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð og Gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð 2026 verið tekið til endurskoðunar í lok árs 2026 þegar komin er reynsla á nýtt sorphirðu fyrirkomulag.

Oddviti kannar hug tillögu Matthíasar. Borið undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

Oddviti leggur til að gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð 2026 verði samþykkt með ofangreindum breytingum.

Tillaga borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

2. Breyting á aðalskipulagi Strandabyggð, Hafnardalsárvirkjun - 2512033

Oddviti rakti tilurð máls. Oddviti gaf formanni Umhverfis- og skipulagsnefndar, Matthíasi Sævari Lýðssyni, orðið.

Matthías Sævar Lýðsson tók til máls. Hann nefnir að það vanti leyfi landeigenda. Matthías leggur til að Umhverfis- og skipulagsnefnd fundi í byrjun janúar þegar öll gögn liggja fyrir og að erindið verði tekið aftur fyrir á sveitarstjórnarfundum í janúar, þegar endanleg tillaga er komin fram. Var þessi tillaga rædd við skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Oddviti tók til máls sem telur að hægt sé að taka málið til afgreiðslu í samráði við skipulagsfulltrúa.

Matthías Sævar Lýðsson leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun sem unnin er af skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins:

Framlögð lýsing/vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Hafnardalárvirkjunar til afgreiðslu fyrir kynningu sbr. 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhuguð er að breyting á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036, sem gerir ráð fyrir vatnaflsvirkjunar í Hafnardalsá. Breytingin tekur til um 7,5 ha svæðis í landi Hafnardals og einnig að hluta í landi Nauteyrar þar sem landnotkun verður breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði. Samhliða þessari breytingu er verið að vinna nýtt deiliskipulag fyrir virkjunina og matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin sé háð umhverfismati sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Sveitarstjórn samþykkir að framlögð lýsing/vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Oddviti kannar hug fundarmanna til tillögunnar að bókun skipulagsfulltrúa

Tillaga borin undir atkvæði, samþykkt samhljóða.

Matthías nefnir að þegar komin eru viðbótargögn verði erindið tekið fyrir aftur.

3. Sónarhópur Vestfjarðastofu - Byggðakvóti - 2512034

Oddviti gaf Matthíasi Sævari Lýðssyni orðið.

Matthías Sævar Lýðsson tók til máls. Erindið sem unnið er af sóknarhópi Vestfjarðastofu í atvinnulífínu skiptir sveitarfélaginu máli. Hann lýsir fram áhyggjum sínum af stöðu atvinnumála í sveitarfélaginu með skerðingu á byggðakvóta, línuívilnun ásamt skel- og rækjubótum. Einnig mun þetta hafa neikvæð áhrif á tekjur sveitarfélagsins.

Oddviti þakkaði Matthíasi fyrir. Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur sóknarhópsins og mun fylgja því eftir við innviðaráðherra. Oddviti nefnir að vinna er hafin við að greina áhrif breytinganna í sveitarfélaginu, sem er gert í samvinnu við fulltrúa Vilja fiskverkunar og Fiskvinnslunnar Drangs. Niðurstöður verða svo kynntar innviðaráðherra.

Erindið lagt fram til kynningar.

Fundargerð lesin upp.
Fleira ekki fyrirtekið.
Fundi slitið kl. 16:53

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SÍMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS